

Reglur Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk.

1.gr.

Reglur þessar eru settar skv. 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, með síðari breytingum og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Einnig er stuðst við leiðbeiningar félagsmálaráðuneytisins fyrir sveitarfélög um aksturþjónustu fyrir fatlað fólk

2.gr.

Markmið akstursþjónustu Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings er að gera þeim, sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki, kleift að stunda nám, vinnu, hæfingu, sækja heilbrigðisþjónustu og njóta tólmstunda. Haft er að leiðarljósi að aðstoða fatlað fólk til fullrar þátttöku í samfélaginu og sjálfstæðs lífs eins og kostur er hverju sinni.

Akstursþjónusta er veitt innan marka lögheimili sveitarfélags notandans auk þess sem hún nær til miðlægra þjónustueininga á Selfossi.

3. gr.

Sé þjónustustofnun eða önnur nauðsynleg þjónusta fyrir fatlað fólk sbr. 2. gr., staðsett í öðru sveitarfélagi getur lögheimili sveitarfélag kannað hvort grundvöllur sé fyrir samkomulagi milli sveitarfélaganna sem tryggi aðgang að þeirri þjónustu. Sama gildir ef notandi dvelst tímabundið í öðru sveitarfélagi.

4. gr.

Skilyrði fyrir þjónustu samkvæmt reglum þessum:

- Að notandi eigi lögheimili í sveitarfélagi innan starfsvæðis Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings
- Að notandi geti ekki nýtt sér almenningsfarartæki vegna fötlunar
- Að notandi eigi ekki bifreið sem keypt er með styrkjum frá Tryggingastofnun ríkisins

Heimilt er að veita undanþágu frá þessum skilyrðum skv. mati starfsfólks skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings vegna sérstakra aðstæðna.

5. gr.

Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árnesþings ber ábyrgð á þjónustu skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings og hefur forstöðumaður yfirumsjón með henni.

Umsókn um akstursþjónustu berist Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings á þar til gerðu eyðublaði sem nálgast má á skrifstofum Skóla- og velferðarþjónustunnar og á heimasíðu. Í umsókn skulu koma fram almennar upplýsinga um notanda s.s. fötlun, aðstæður, óskir um fjölda ferða og í hvaða tilgangi þær eru farnar.

Umsókn um akstursþjónustu skal afgreidd af starfsmönnum skóla- og velferðarþjónustunnar svo fljótt sem unnt er.

Starfsmenn leggja mat á umsókn og ákveða umfang og tímalengd þjónustunnar. Við mat á umsókn um akstursþjónustu er einkum stuðst við viðurkennt staðlað mat á þjónustupörf einstaklings á hverjum tíma, ef slíkt er fyrirbyggjandi. Þá er stuðst við gögn sem umsækjandi leggur fram, eftir því sem við getur átt, og önnur gögn sem kann að vera aflað við málsmeðferðina. Ef sótt er um akstursþjónustu sem ekki fellur undir reglur þessar er umsókn tekin fyrir á teymisfundi skóla- og velferðarþjónustunnar.

Umsókn er svarað skriflega innan fjögurra vikna frá því að hún berst. Umsókn er metin með hliðsjón af getu og færni notanda og möguleika hans til að nýta sér þjónustu almenningsfarartækja og/eða annarra ferðamöguleika.

6. gr.

Viðmið um ferðafjölda skulu taka mið af þörfum hvers og eins.

Ferðir til og frá skóla, vinnu, hæfingu og vegna heilbrigðisþjónustu ganga fyrir öðrum ferðum.

Fjöldi ferða til annarra erinda en að ofan greinir skal metinn í samráði við hvern og einn umsækjanda, en við það skal miðað að þær verði ekki fleiri en 18 í mánuði að jafnaði og heildarfjöldi ferða eigi fleiri en 64 að jafnaði í mánuði sé akstur vegna tómtunda talinn með.

Ferð er skilgreind í reglum þessum sem akstur milli tveggja staða, en ekki akstur fram og til baka.

Umsóknir um akstursþjónustu þeirra sem búa í dreifbýli eru teknar fyrir á teymisfundi og metnar út frá þörfum hvers einstaklings. Leitast skal við að samnýta ferðir eins og kostur er og sýna sveigjanleika með því að semja við einkaaðila.

7gr.

Ef akstursþjónusta byggist á notkun leigubifreiða eða einkabifreiða starfsfólks, sem sinnir félagslegri Heimaþjónustu eða liðveislu, skal gera einstaklingsbundna samninga um slíkt fyrirkomulag. Í samningnum, sem er milli notanda, starfsmanns og sveitarfélags, skal kveðið á um greiðslu kostnaðar og tryggingamál. Starfsmaður skóla- og velferðarþjónustu skipuleggur akstursáætlun í samvinnu við bílstjóra og með þarfir notanda í huga. Við framkvæmd þjónustunnar skal taka mið af því að farþegum sé sýnd tilhlýðileg virðing og sveigjanleiki.

8 gr.

Um gjald akstursþjónustu vísast til gjaldskrár akstursþjónustu skóla- og velferðarþjónustu Árneshlíðar fyrir fatlað fólk.

9. gr.

Ökutæki, ökumenn og aðrir starfsmenn akstursþjónustu fatlaðs fólks skulu uppfylla ákvæði gildandi laga og reglugerða um starfsemina auk þess sem hafa ber hliðsjón af leiðbeiningum félagsmálaráðuneytisins fyrir sveitarfélög um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk.

Ökumaður sem sinnir akstursþjónustu fatlaðs fólks skal hafa aukin ökuréttindi, sótt skyndihjálparnámskeið og önnur þau námskeið sem sérstaklega eru ætluð bifreiðastjórum fólksflutningabíla. Fyrir

ráðningu ökumanns skal liggja fyrir sérstakt sakavottorð eða heimild veitt af hans hálfu til öflunar sérstaks sakavottorðs og upplýsinga úr sakaskrá.

Ökumaður þarf einnig að sitja námskeið um þjónustu við fatlað fólk, til þess að vera vel búinn undir það verkefni að sinna ólíkum notendum og til að auka skilning og hæfni við þjónustuna.

Óheimilt er að ráða starfsmann til aksturs eða annarrar þjónustu fyrir fatlað fólk sem hlotið hefur refsídóm fyrir brot á ákvæðum XXII. eða XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með síðari breytingum.

10. gr.

Umsækjandi um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk getur krafist rökstuddra skriflegra svara um forsendur ef umsókn er synjað. Ákvörðun um synjun má áfrýja til Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árnesþings. Skal það gert skriflega innan fjögurra vikna frá því að umsækjanda berst vitneskja um ákvörðunina. Ákvörðun nefndarinnar er unnt að skjóta til úrskurðarnefndar velferðarmála.

11. gr.

Reglur þessar skulu endurskoðaðar eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti.

Reglur þessar voru staðfestar af Skólaþjónustu- og velferðarnefnd 26. maí 2021 og sendar til sveitarstjórna til samþykkt.